

# LOSUNARLEYFI

*Kísilframleiðsla, hrákísill*

## **PCC BakkiSilicon hf.**

Iðnaðarsvæðinu á Bakka, Norðurþingi  
(Lögheimili Vallholtsvegi 3, 640 Húsavík)

Kt.: 450612-0140

**Númer losunarleyfis: IS-ETS-023-01**

## **1. ALMENN ÁKVÆÐI**

### **1.1 Rekstraraðili**

Losunarleyfi þetta tekur til losunar gróðurhúsalofttegunda í neðangreindri starfsemi PCC BakkiSilicon hf, Vallholtsvegi 3, 640 Húsavík, Norðurþingi, kt: 450612-0140.

PCC BakkiSilicon hf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

### **1.2 Lýsing á starfsstöð og starfsemi rekstraraðila**

Losunarleyfi þetta nær yfir eftirfarandi starfsemi rekstraraðila:

Rekstur kísilmálmverksmiðju á iðnaðarsvæðinu á Bakka, Norðurþingi með allt að 66.000 tonna ársframleiðslu af hrákísli (Si/e. metallurgical-grade silicon), allt að 27.000 tonnum af kísildufti/kísilryki, 6.000 tonnum af málmleif og gjalli og 1.500 tonnum af forskiljuryki.

Verksmiðjan mun framleiða  $\geq 98,5\%$  hreinan kísilmálm úr innfluttum hráefnum, þ.e. kvarsíti og kolefnum (hvarfgjörnum kolum með lágu öskuinnihaldi), trjákurli, auk kalksteins.

Framleiðslan mun fara fram í fjórum ljósbogaofnum. Bráðnum kísilmálmi er með reglubundnum hætti tappað af ofnunum í deiglu og færður í steypuskála þar sem hann er hreinsaður frekar og steypdur í hleifa.

Helstu uppsprettur koldíoxíðs í framleiðslunni eru: Kol, viðarkurl, rafskaut, kalksteinn og fljótandi jarðolíugas (LPG).

Losunarleyfi þetta nær til losunar á eftirfarandi gróðurhúsalofttegundum:

Koldíoxíð (CO<sub>2</sub>)

### **1.3 Framleiðsla samkvæmt starfsleyfi**

Auk ákvæða í losunarleyfi þessu skal rekstraraðili starfa í samræmi við starfsleyfi sem gefið er út af Umhverfisstofnun, í samræmi við ákvæði reglugerðar 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 1.4 Endurskoðun losunarleyfis

Endurskoða skal ákvæði losunarleyfis eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og gera breytingar á því ef þörf er á, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Endurskoðun losunarleyfis fer fram, ef unnt er, samhliða endurskoðun starfsleyfis viðkomandi starfsstöðvar skv. IX. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 70/2013.

Umhverfisstofnun er þó heimilt að endurskoða losunarleyfið hvenær sem stofnunin telur það nauðsynlegt, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga nr. 70/2012, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 70/2013.

## 1.5 Breytingar á starfsemi

Rekstraraðilar skulu tilkynna Umhverfisstofnun tafarlaust með skriflegum hætti um allar fyrirhugaðar breytingar á rekstri starfsstöðvar sem geta haft áhrif á efni losunarleyfis, sbr. 6. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál og 11. gr. reglugerðar 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Séu breytingar umfangsmiklar er Umhverfisstofnun heimilt að leggja fyrir rekstraraðila að sækja um nýtt losunarleyfi í samræmi við ákvæði 4. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 70/2013. Umhverfisstofnun er heimilt að afturkalla losunarleyfi rekstraraðila ef forsendur þess bresta sbr. 6. mgr. 8. gr. l. nr. 70/2012.

# 2. VÖKTUN OG SKÝRSLUGJÖF

## 2.1 Vöktun

Losunarleyfið er veitt með því skilyrði að vöktun rekstraraðila, þ.m.t. aðferðarfræði og tíðni vöktunar, sé í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda á hverjum tíma og er ætlað að innleiða löggjöf Evrópusambandsins um viðskiptakerfi með losunarheimildir, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Hvers konar breytingar á vöktunaráætlun rekstraraðila skulu tilkynntar Umhverfisstofnun og eru verulegar breytingar háðar samþykki stofnunarinnar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Rekstraraðilum er heimilt að uppfæra vöktunaráætlun án þess að gefa þurfi út nýtt losunarleyfi, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012 og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 72/2013.

Rekstraraðilinn skal halda skrár yfir öll viðeigandi gögn og upplýsingar í minnst 10 ár. Þar með talið upplýsingar sem taldar eru upp í IX. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012, sem er innleidd í íslensk lög, sbr. a-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 72/2013 og birt sem fylgiskjal með þeirri reglugerð.

## 2.2 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal skila vottaðri skýrslu fyrir 31. mars ár hvert um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga 70/2012 um loftslagsmál.

### 3. SKIL LOSUNARHEIMILDA

Rekstraraðili skal standa skil á losunarheimildum í viðskiptakerfi ESB, fyrir 30. apríl ár hvert, vegna losunar koldíoxíðs frá starfsemi á undangengnu almanaksári, sbr. 9. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Skil losunarheimilda fara fram í rafrænu skráningarkerfi á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, skv. reglugerð nr. 365/2014 um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir.

### 4. EFTIRLIT OG GJALDSKYLDA

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með að rekstraraðili uppfylli ákvæði losunarleyfis þessa, sbr. lög nr. 70/2012 um loftslagsmál og reglugerð nr. 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu losunarleyfisins auk eftirlits, umsýslu og eftirfylgni tengda losunarleyfinu samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar hverju sinni, sbr. XII kafli I. nr. 70/2012.

### 5. LAGASTOÐ

Losunarleyfi þetta, er veitt samkvæmt lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál og reglugerð nr. 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

### 6. ÞVINGUNARÚRRÆÐI OG VIÐURLÖG

Um brot á l. nr. 70/2012 um loftslagsmál gilda ákvæði XIII. kafla laganna um þvingunarúrræði og viðurlög.

### 7. GILDISTAKA

Losunarleyfið er ótímabundið og öðlast þegar gildi.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu losunarleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga 70/2012 um loftslagsmál. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá opinberri birtingu ákvörðunarinnar.

Reykjavík 2. febrúar 2018



Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri



Ólafur Arnar Jónsson  
Sviðsstjóri

